

MMK 12070002
10 10 0

**Viðauki 2, með samningi mennta- og menningarmálaráðuneytis
um kennslu og rannsóknir Háskóla Íslands 2012-2016.**

Aldarafmælistjóður Háskóla Íslands 2012-2020

2. júlí 2012



HÁSKÓLI ÍSLANDS



**MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

Aldarafmælistjóður Háskóla Íslands

Í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands þann 17. júní árið 2011 samþykktu ríkisstjórn og Alþingi að stofna Aldarafmælistjóð Háskóla Íslands. Markmið með stofnun sjóðsins er að efla rannsóknir og nýsköpun sem nýtast muni til uppbyggingar atvinnulífs og verðmætasköpunar í þágu íslensks samfélags og þjóðar.

Í yfirlýsingu (fylgiskjal 1) um stofnun Aldarafmælistjóðs Háskóla Íslands kom fram að sérstakur starfshópur yrði skipaður fulltrúum frá Alþingi, forsætisráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Háskóla Íslands til að meta og gera tillögur um framlög í Aldarafmælistjóð Háskóla Íslands á árunum 2012 til 2020. Lauk hann störfum með sérstakri skilagrein og tillögugerð um framlög í Aldarafmælistjóð Háskóla Íslands árin 2012 – 2020 (fylgiskjal 2).

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 7. október 2011 svohljóðandi tillögu : „*Lagt er til að ríkisstjórnin samþykki tillögu starfshóps um að fjárframlög til Aldarafmælistjóðs Háskóla Íslands verði 150 m. kr. árið 2011, 250 m. kr. árið 2012, 400 m.kr. árið 2013 og 700 m. kr. árið 2014. Jafnframt að árið 2013 verði unnin áætlun um framlög í aldarafmælistjóðinni fyrir árin 2015 – 2020 með hliðsjón af hagvexti hér á landi og stöðu ríkisfjármála.*“

Miðað er við að áætlun um framlög til Aldarafmælistjóðsins 2015-2020 liggi fyrir haustið 2013.

Ákvörðun ríkisstjórnar um Aldarafmælistjóð Háskóla Íslands byggir m.a. á því markmiði að framlag á nemenda við Háskóla Íslands nái meðaltali OECD ríkja árið 2016 og meðaltali Norðurlanda árið 2020, samanber skilagrein og tillögugerð starfshóps um framlög í Aldarafmælistjóð Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að fjármögnun sem upp á vantar til að ná þessum markmiðum verða þannig að ríkisframlög nemi 2/3 hlutum og Háskóli Íslands afli sértekna sem nemi 1/3 hluta heildarkostnaðar. Við mat á árlegu framlagi í sjóðinn skyldi höfð hliðsjón af því hvernig miðar í sókn Háskóla Íslands að markmiðum eins og þau eru sett fram í stefnu skólans (fylgiskjal 3) og í samræmi við áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á framangreindu tímabili.


Háskóli Íslands skal gera mennta- og menningarmálaráðuneyti skriflega grein fyrir því fyrir 1. október ár hvert hvernig Háskóla Íslands miðar við að ná markmiðum sínum. Við mat á árangri Háskóla Íslands verði fylgt þeim hlutlægu mælikvörðum sem fram koma í skilagrein og tillögugerð starfshóps um framlög í Aldarafmælistjóð Háskóla Íslands árin 2012-2020 (fylgiskjal 2) og þeirra markmiða sem fram koma í stefnu Háskóla Íslands 2011-2016 (fylgiskjal 3).

Viðauki þessi byggir á gr. 5.4.3. í samningi aðila og um hann gilda þeir almennu fyrirvarar um fjármögnun sem fram koma í gr. 5.2. samningsins. Um framlag ríkisins og fjárhagslegs samskipti aðila fer eftir ákvæðum 5. greinar þessa samnings.




Gildistími viðaukans er árin 2012 – 2014 og verður hann endurnýjaður á grundvelli afgreiðslu stjórnvalda um framlög til sjóðsins fyrir árin 2015 – 2020.

Reykjavík 2. júlí 2012



Kristín Ingólfssdóttir
rektor Háskóla Íslands



Katrín Jakobsdóttir
Mennta- og menningarmálaráðherra

Fylgiskjöl:

1. Yfirlýsing ríkisstjórnar um stofnun Aldarafmælisssjóðs Háskóla Íslands, frá 17. júní 2011
2. Skilagrein og tillaga starfshóps um framlög í Aldarafmælisssjóð Háskóla Íslands árin 2012-2020
3. Stefna Háskóla Íslands 2011-2016